

Samningur

um fjármögnun starfs dósents við læknadeild Háskóla Íslands

Háskóli Íslands (HÍ) annars vegar og Tryggingastofnun ríkisins, Landssamtök lífeyrissjóða og Samband íslenskra tryggingafélaga hins vegar, hér eftir kallaðir styrktaraðilarnir, gera með sér samning um fjármögnun starfs dósents í tryggingalæknisfræði við læknadeild.

1. Markmið samningsins er að efla rannsóknir og kennslu á sviði tryggingalæknisfræði við HÍ. Samningur þessi er gerður á grundvelli 3. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sem veitir skólanum heimild til að semja við aðrar stofnanir og fyrirtæki sem tengjast fræðasviði skólans um kennslu, rannsóknir og ráðningu kennara og annarra starfsmanna.

2. Styrktaraðilarnir veita HÍ styrk til að ráða dósent í tryggingalæknisfræði í fullt starf, tímabundið til fimm ára. Gert er ráð fyrir því að dósentinn sækir um framgang í starf prófessors á samningstímanum. Dósentinn fær aðstöðu við læknadeild og nýtur hann réttinda sem einn af dósentum hennar. Miðað er við að starfsskyldur dósentsins skiptist með venjubundnum hætti milli rannsókna, kennslu og stjórnunar.

3. Dósentinn mun stunda rannsóknir á sviði tryggingalæknisfræði. Nánari skilgreiningu á starfssviði dósentsins er að finna í fylgiskjali.

4. Fjárframlag styrktaraðilanna skiptist þannig að Tryggingastofnun ríkisins greiðir 50%, Landssamtök lífeyrissjóða 25% og Samband íslenskra tryggingafélaga 25%. Framlag styrktaraðilanna er 6 m.kr. á ári í fimm ár og skal framlagið standa straum af launakostnaði læknadeildar og kostnaði vegna rannsóknamissera dósentsins. Greiðslur skulu inntar af hendi einu sinni á ári á samningstímanum, í fyrsta sinn 1. mars 2006. Framlögin eru á verðlagi í janúar 2006 og taka breytingum í janúar ár hvert í samræmi við breytingar á launavísitölu Hagstofu Íslands.

5. Miðað er við að ráðið verði í starfið frá 1. mars 2006. Ráðið verður í starfið án auglýsingar sbr. 7. mgr. 12. gr. laga um Háskóla Íslands. Um miðbik samningstímans skal fara fram úttekt á störfum dósentsins og skal niðurstaða hennar liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2008. Hver samningsaðili skal tilnefna einn fulltrúa í nefnd er annist úttektina. Á grundvelli niðurstöðu úttektarinnar taka samningsaðilarnir ákvörðun um framhaldið.

Samningurinn gildir til fimm ára frá ráðningu dósentsins.



Fylgiskjal

með samningi Háskóla Íslands (HÍ) annars vegar og Tryggingastofnunar ríkisins, Landssamtaka lífeyrissjóða og Sambands íslenskra tryggingafélaga hins vegar um starf dósents við læknadeild Háskóla Íslands, dags. 19. janúar 2006.

Dósentinum er ætlað að stunda rannsóknir á sviði tryggingalæknisfræði, m.a. á grundvelli gagna frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum og í samvinnu við þessa aðila og fræðimenn, svo sem við deildir og stofnanir HÍ.

Rannsóknir dósentsins geta m.a. fjallað um:

- forsendur örorku sem metin er hjá TR vegna lífeyristrygginga almannatrygginga
- orsakir orkutaps skv. niðurstöðum örorkumats hjá lífeyrissjóðunum
- samspil heilsufars og félagslegra aðstæðna í örorku/orkutapi
- samspil örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum og TR
- forsendur mats skv. skaðabótalögum, þar með talið hvort niðurstaða mats á varanlegri örorku endurspeglir raunverulegt tekjutap eftir slys
- árangur starfsendurhæfingar
- viðfangsefni í sjúkra-, slysa- og líftryggingum
- viðfangsefni í sjúklingatryggingu.

Dósentinum er ætlað að skipuleggja og stunda kennslu og fræðslu á sviði tryggingalæknisfræði fyrir læknanema, lækna og eftir atvikum aðrar stéttir, svo sem sjúkrahjálfara, í samvinnu við starfsmenn TR, lífeyrissjóða og váttryggingafélaga.

Þar yrði meðal annars fjallað um:

- uppbyggingu velferðarkerfisins á Íslandi
- hvernig beri almennt að standa að gerð læknisvottorða þannig að þau verði vönduð og hnitmiðuð (sem myndi bæta þær upplýsingar sem berast í vottorðum og þar með auðvelda úrvinnslu gagna og gera hana skilvirkari og stytta og einfalda úrvinnsluferli)
- hvenær forsendur séu fyrir því að segja einhvern óvinnufæran vegna heilsubrests og hvenær fremur eigi að huga að því hvað þurfi að gera til að halda honum í vinnu
- mismunandi form örorkumats og hver munurinn er á hugtakinu örorku í lífeyristryggingum almannatrygginga, hugtakinu orkutapi hjá lífeyrissjóðunum og hugtökunum varanlegri læknisfræðilegri örorku samkvæmt almannatryggingalögunum og miska og örorku samkvæmt skaðabótalögunum og að vottorðaskrif verði í samræmi við það
- faraldsfræði örorku á Íslandi.

Dósentinum er ætlað að handleiða nemendur í BA/BS, meistara- og doktorsnámi í verkefnum sem tengjast tryggingum.

Dósentinum er ætlað að skipuleggja reglubundin námskeið fyrir þá sem meta líkamstjón skv. skaðabótalögum.

Dósentinum er ætlað að vera Landssamtökum lífeyrissjóða, Sambandi íslenskra tryggingafélaga og Tryggingastofnun ríkisins til ráðgjafar á sviði tryggingalæknisfræði.

Styrktaraðilar samningsins munu tilnefna tengiliði vegna vinnslu einstakra verkefna dósentsins eftir þörfum.


SAS.
Stær.
Kj. Ad.

Reykjavík, 19. janúar 2006


F.h. Háskóla Íslands


Kristín Ingólfssdóttir, rektor


F. h. Tryggingastofnunar ríkisins



Karl Steinar Guðnason, forstjóri

F.h. Landssamtaka lífeyrissjóða


Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri

F.h. Sambands íslenskra tryggingafélaga


Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri


Stefán B. Sigurðsson
deildarforseti læknaeildar